

**Sp.**

**296. Fyrirspurn**

[125. mál]

til dómsmálaráðherra um Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

1. Hver er ástæðan fyrir því, að dómsmálaráðherra hefur sagt Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra upp starfi sem ritstjóra Lögbirtingablaðs, er hann hefur gegnt í meira en 17 ár, og einnig Baldri Öxdal fulltrúa í rikisbókhaldinu, sem annast fjárreiður blaðsins, án þess að nokkru sinni hafi verið að störfum þeirra fundið?
2. Hverjar hafa verið árlegar greiðslur fyrir þessi störf síðastliðin fimm ár?
3. Hefur verið ráðinn starfsmaður eða starfsmenn í þeirra stað og þá hver eða hverjir og fyrir hvaða greiðslur?
4. Hverjir starfa við útgáfu Stjórnartíðinda, og hverjar hafa verið greiðslur til þeirra hvers um sig síðastliðin fimm ár? Var þeim sagt upp starfi um leið?